



Leit í Dómasafni - nánar um dómsúrlausn

Lykilorð tengd þessum dómi

Veikindaforföll | Vinnulaunamál

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 19. apríl 2010 í máli nr. E-3377/2009:

A

(Guðmundur Birgir Ólafsson hrl.)

gegn

B

(Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 22. mars 2010, var höfðað 2. september 2009 af A, [...], Reykjavík, á hendur Snyrtistofunni B, [...], Garðabæ, til greiðslu vangoldinna launa að fjárhæð 231.829 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 231.829 krónum frá 1. febrúar 2008 til greiðsludags. Þá er þess krafist að dráttarvextir leggjist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 2009 en síðan árlega þann dag.

Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt mati dómsins. Einnig er krafist vaxta af málskostnaði samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags. Þá er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Stefnandi lýsir atvikum þannig að hún hafi byrjað störf hjá stefnda 1. október 2006 samkvæmt samningi um nám í snyrtifræði. Hinn 1. ágúst 2007 hafi starfsnámi stefnanda lokið þrátt fyrir að hún hefði ekki lokið sveinsprófi, en hún hafi starfað áfram hjá stefnda sem almennur starfsmaður. Stefnandi kveður að stefndi hafi ekki byrjað að greiða félagsgjöld stefnanda til VR fyrr en í byrjun október 2007, þrátt fyrir óskir stefnanda þar um allt frá ágúst 2007.

Í gögnum málsins liggur fyrir umsókn til lðunnar, fræðsluseturs, dags. 27. september 2007, um gerð námssamnings milli málsaðila. Gengið var frá námssamningi og hann undirritaður 15. nóvember 2007. Í honum kemur fram að starfsnám stefnanda hófst 1. október 2006 og skyldi vera 40 vinnuvikur fyrir utan lögbundin frí. Þá segir að um kaup og kjör nemandans fari eftir gildandi kjarasamningum um iðnnema í framangreindri iðngrein.

Með bréfi, dags. 29. desember 2007, sagði stefnandi upp störfum hjá stefnda með þriggja mánaða fyrirvara frá næstu mánaðamótum að telja. Hinn 7. janúar 2008 mætti stefnandi ekki til starfa og hún hefur ekki starfað hjá stefnda eftir það. Fyrir liggur læknisvottorð Ludvigs Árna Guðmundssonar, dags. 23. janúar 2008, þar sem segir að stefnandi hafi verið til endurhæfingar á Reykjalundi frá og með þeim degi til 7. febrúar 2008. Þá segir í vottorði sama læknis, dags. 1. febrúar 2008, að stefnandi hafi verið til endurhæfingar meðferðar á Reykjalundi vegna sjúkdóms. Meðferðar-tímabilið væri 7. janúar til og með 7. febrúar 2008. Vegna endurhæfingarinnar gæti hún ekki stundað vinnu þetta tímabil.

Í bréfi VR f.h. stefnanda, dags. 20. febrúar 2008, segir að stefnandi hafi verið óvinnufær með öllu og þurft að dvelja á Reykjalundi frá og með 7. janúar 2008 um óákveðinn tíma. Var gerð krafa um að stefndi greiddi stefnanda 19 veikindadaga í janúar 2008, ásamt orlofi. Með bréfi Samtaka atvinnulífsins (SA) f.h. stefnda, dags. 28. febrúar 2008,

var kröfunni hafnað. Með bréfi lögmanns stefnanda 17. mars 2008 var krafan ítrekuð og var henni sem fyrr hafnað af hálfu stefnda. Stefnandi hefur því höfðað mál þetta.

Við aðalmeðferð málsins lýsti Ludvig Árni Guðmundsson læknir því að stefnandi hefði verið með offitu á mjög alvarlegu stigi og meðferðin á Reykjalundi og magahjáveituaðgerð sem stefnandi hefði svo gengist undir væri í raun það eina sem væri í boði fyrir svona alvarlega offitu. Þá sagði vitnið að ekki væri unnt að gangast undir magahjáveituaðgerð nema að undangenginni meðferð á Reykjalundi. Jafnframt sagði vitnið að offita væri talin orðin alvarlegasta heilbrigðisvandamálið í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, en offita væri mjög alvarlegt ástand og stytta lífslíkur að jafnaði um 10 ár. Enn fremur sagði vitnið að á umræddu tímabili hefði stefnandi ekki getað stundað vinnu. Á heimasíðu Reykjalundar komi fram í kynningu á offitumeðferð að fyrri hluti dagdeildarmeðferðar taki hálfan dag þrisvar í viku en það væri lágmarkstími og flestir væru í lengri tíma. Aðspurt hvort meðferðin og aðgerðin hefði verið aðkallandi og nauðsynleg til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt væri að leiddi til óvinnufærni sagði vitnið að svo væri.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hún hafi verið almennur starfsmaður hjá stefnda og því beri að miða réttindi hennar út frá kjarasamningi VR og SA sem gerður hafi verið í apríl 2004, enda hafi hún greitt félagsgjöld til VR og litið hafi verið með framangreindum hætti á störf og stöðu aðila.

Stefnandi bendir á að hún hafi sagt upp störfum með bréfi, dags. 29. desember 2007, með þriggja mánaða uppsagnarfresti og síðasti starfsdagur hennar því átt að vera 31. mars 2008. Líkt og fram komi í læknisvottorðum, dags. 23. janúar 2008 og 1. febrúar 2008, hafi stefnandi verið óvinnufær frá 7. janúar 2008. Um veikindarétt stefnanda fari samkvæmt kjarasamningi VR og SA frá apríl 2004, en í grein 8.2.2. segi að eftir störf í eitt ár hjá sama vinnuveitanda sé veikindaréttur tveir mánuðir á hverju tólf mánaða tímabili.

Stefnandi segir að veikindi sín hafa verið vegna offitu og hún farið í lækni meðferð til að vinna á þeim veikindum með það að markmiði að fara í hjáveituaðgerð, sem hafi verið læknisfræðilega nauðsynleg. Stefnandi hafi síðar farið í aðgerðina. Samkvæmt bókun með kjarasamningi VR og SA frá árinu 2000, varðandi óvinnufærni vegna veikinda, segi að til veikinda teljist læknisfræðilega nauðsynlegar aðgerðir. Aðgerðin hafi verið framkvæmd eftir að stefnandi hafi verið í undirbúningsmeðferð á Reykjalundi. Stefnandi kveðst hafa átt við ýmiss konar veikindi að stríða sem rekja megi beint til offitu og aðgerðin því verið nauðsynleg til að stefnandi gæti lifað eðlilegu lífi.

Af hálfu stefnda hafi því verið haldið fram að stefnandi hafi við upphaf veikinda sinna starfað í skemmri tíma en eitt ár hjá stefnda. Hafi því þannig verið haldið fram að miða skuli upphaf starfa við það tímamark þegar námstíma stefnanda hafi lokið og hún haldið áfram störfum sem almennur starfsmaður hjá stefnda, eða þann 1. ágúst 2007. Af hálfu stefnanda hafi þessari afstöðu verið mótmælt enda beri samkvæmt meginreglu vinnuréttar að líta svo á að námstími teljist til starfstíma launþega þegar hann haldi áfram störfum eftir að námstíma lýkur.

Stefnandi hafi við starfslok starfað í alls 15 mánuði og eina viku hjá stefnda þegar veikindi hennar hafi borið að. Stefnandi hafi á starfstíma sínum hjá stefnda áunnið sér veikindarétt í 2 mánuði eða 43 daga (21.67 x 2 mánuðir) en þurft að nýta sér 24 daga. Því sé ónýttur veikindaréttur stefnanda 19 dagar. Daglaun stefnanda séu 11.075 krónur (mánaðarlaun samkvæmt launaseðlum séu 240.000/21,67) og séu því vangoldin laun vegna 19 veikindadaga stefnanda 210.429 krónur, auk 10,17% orlofs, sbr. 8. gr. laga um orlof nr. 30/1987.

Gerð sé krafa um vangoldin laun vegna veikinda stefnanda, en alls sé um 19 daga að ræða, í samræmi við kjarasamning VR og SA, auk orlofs á laun í veikindum samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/1987. Krafa stefnanda sundurliðist með eftirfarandi hætti:

19 veikindadagar í janúar 2008.	210.429	kr.
Orlof á laun í janúar 2008.	21.400	kr.
Höfuðstóll	231.829	kr.

Þar sem innheimtutilraunir hafi reynst árangurslausar sé málshöfðun nauðsynleg. Farið sé fram á ítrustu kröfur samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Um lagarök vísar stefnandi til laga um orlof nr. 30/1987, laga um greiðslu verkkaups nr. 28/1930, laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979, meginreglna vinnuréttar, meginreglna kröfuréttar, kjarasamninga VR og vinnuveitanda og bókana sem teljast hluti kjarasamninga.

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 129. gr., 4. tl., um vexti af málskostnaði. Einnig er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur.

II.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær vegna sjúkdóms í þeim skilningi sem lagður sé í hugtakið í vinnurétti, en stefnandi hafi ákveðið að mæta ekki til vinnu til þess að fara í offitumeðferð á Reykjalundi. Ekki liggja fyrir neitt læknisfræðilegt álit á því að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna sjúkdóms á þeim tíma sem hún hætti störfum hjá stefnda, né að offitumeðferðin sem hún fór í á Reykjalundi hafi verið nauðsynleg og óumflýjanleg á þeim tíma sem stefnandi hafi valið að fara í meðferðina, þ.e. á uppsagnarfresti sínum.

Stefndi segir að óvinnufærni í skilningi kjarasamninga hafi verið skilgreind á þann veg að sjúkdómur eða slys hafi það alvarleg áhrif á heilsu (starfsgetu) starfsmannsins að honum sé ókleift að vinna störf í þágu fyrirtækisins. Ná það jafnt til andlegs og líkamlegs ástands. Það sé þannig ekki nóg að staðfesta tilvist einhvers sjúkdóms heldur þurfi að sýna fram á að starfsmaður sé með öllu óvinnufær vegna sjúkdómsins.

Í tilteknum kjarasamningum sé sérstaklega fjallað um það þegar starfsmaður þurfi að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega lækniáðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni, s.s. í kjarasamningi SA og VR. Sá kjarasamningur eigi hins vegar ekki við í máli þessu. Stefndi telur ljóst að á þeim tíma sem stefnandi krefjist veikindalauna fyrir hafi hún ekki farið í aðkallandi og nauðsynlega lækniáðgerð, heldur tekið þátt í offitumeðferð á Reykjalundi. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Reykjalundar fari offitumeðferðin fram með göngudeildarmeðferð hvort sem fólk stefni á magahjáveituaðgerð eða ekki. Meðferðinni sé skipt í tvö tímabil, það fyrra standi yfir í 5 vikur og það síðara 3 vikur og líði 6 mánuðir á milli meðferða. Meðferðin sé atferlismeðferð sem meðal annars feli í sér fræðslu og kennslu um næringu, hreyfingu og önnur efni tengd offitu. Líkamleg þjálfun sé einn þáttur í meðferðinni. Þá komi fram á heimasíðunni að meðferðin sé skipulögð með tilliti til þess að hægt sé að sinna daglegum störfum samfara henni og sé gert ráð fyrir hálfum degi þrisvar í viku. Stefndi segir að um sé að ræða valkvæða meðferð og þeir sem fari í hana sækji sjálfir um að komast í meðferðina.

Ekki hafi því verið um það að ræða að stefnandi væri lögð inn á sjúkrahússtöfnun vegna staðfests alvarlegs sjúkdóms, heldur hafi stefnandi tekið þátt í göngudeildarmeðferð á Reykjalundi þrisvar í viku sem hafi verið fólgin í heilsurækt og fræðslu um hollt líf og mataræði. Stefndi hafi því vel getað haldið áfram starfi sínu hjá stefnda þann tíma sem hún tók þátt í offitumeðferðinni og hafi stefndi verið tilbúin til að gera nauðsynlegar breytingar á vinnutílhögun stefnanda svo af því gæti orðið. Á það hafi hins vegar ekki reynt þar sem stefnandi hafi látið sig hverfa úr vinnunni. Sambærilega meðferð og fræðslu hefði stefnandi einnig getað sótt utan hefðbundins vinnutíma og það geri meginþorri launafólks til að halda líkamsþyngd sinni í skefjum.

Ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni fram á óvinnufærni stefnanda þann tíma sem hún tók þátt í offitumeðferðinni, enda hafi meðferðin fyrst og fremst verið undirbúningur undir að stefnandi gæti farið í valkvæða magahjáveituaðgerð síðar. Þannig staðfesti framlögð veikindavottorð ekki að um óvinnufærni vegna sjúkdóms hafi verið að ræða heldur einungis að stefnandi hafi á umræddum tíma tekið þátt í endurhæfingu á Reykjalundi. Hafi það verið staðfest af Hæstarétti, sbr. dóm í dómasafni frá árinu 1983, bls. 635, að ótvíræð afstaða til óvinnufærni sé forsenda þess að um greiðsluskyld veikindi sé að ræða. Engin önnur læknisfræðileg gögn eða staðfestingar lækna á meintri óvinnufærni hafi verið lögð fram.

Fram að þeim tíma sem stefnandi lét af störfum hafi hún ekki verið í vandræðum með að sinna störfum sínum vegna veikinda eða vandamála tengdum offitu. Þeirri staðhæfingu stefnanda að hún hafi átt við ýmiss konar veikindi að stríða, sem rekja hafi mátt beint til offitu, sé mótmælt sem ósannaðri. Stefndi vísar til ljósmyndar sem sýni starfsfólk stefnda sumarið 2008. Á ljósmyndinni sjáist að stefnandi hafi verið fullfrísk og alls ekki hrjád alvarlegri offitu. Eftir að ljósmyndin var tekin og fram að þeim tíma sem stefnandi lét af störfum hafi stefnandi grennst enn frekar. Þá hafi stefnandi ekki tilkynnt sig veika á fyrsta veikindadegi, eins og henni hafi borið skylda til, heldur horfið úr vinnu án skýringa og afhent veikindavottorð nokkru síðar. Í ljósi alls ofangreinds fallist stefndi ekki á kröfu stefnanda um vangoldin laun vegna veikinda.

Stefndi vísar til þess að í námssamningi milli aðila segi orðrétt í 4. gr.: „Kaup og kjör fara eftir gildandi kjarasamningum iðnnema í framangreindri iðngrein.“ Gildandi kjarasamningur við snyrtifræðinema sé frá árinu 1990. Í kjarasamningnum sé af einhverjum ástæðum ekki mælt fyrir um lengd veikindaréttar nema hvað varði veikindi barna. Í kjarasamningnum segi í grein 12.2 „að um öll þau ákvæði sem ekki er kveðið á um í samningi þessum vísast til samninga ASÍ og VSÍ um iðnnemakjör og tekur þessi samningur breytingum í samræmi við samninga ASÍ og VSÍ um iðnnemakjör hverju sinni“.

Í samningi ASÍ og VSÍ um iðnnemakjör frá 1990 segi í 15. gr. að „önnur starfskjör skulu vera samkvæmt samningum viðkomandi starfsgreina“. Þá segi í 16. gr.: „Þegar námstíma og bóknámi er lokið, skal neminn fá greitt kaup samkvæmt skilgreiningu starfa viðkomandi sveinasamnings, þar til næsta sveinspróf er haldið. Ef nemi lýkur ekki sveinsprófi á tilskildum tíma færast hann á grunntaxta viðkomandi samnings.“

Ekki sé til kjarasamningur milli snyrtifræðinga og SA og hafi slíkur samningur aldrei verið til. Vegna þessa og þar sem kjarasamningur snyrtifræðinema hafi ekki tekið launahækkunum síðan 1999 hafi sú hefð myndast að snyrtistofur hafi hliðsjón af kjarasamningi hársnyrtifræðinema og hársnyrtifræðisveina.

Samkvæmt gildandi kjarasamningi SA við félag hársnyrtisveina sé veikindaréttur iðnnema einn mánuður þar til tveggja ára starfstíma er náð og hafi það verið sá veikindaréttur sem stefnandi hafi átt og fengið greiddan af stefnda þegar hún hafi ákveðið að fara í offitumeðferðina á Reykjalundi. Sambærilegur veikindaréttur sé í öðrum kjarasamningum SA við löggiltar iðngreinar, sbr. t.d. í kafla um kaup og kjör iðnnema í kjarasamningi SA og Samiðnar, svo og kafla um kaup og kjör iðnnema í kjarasamningi SA og Félags kjötiðnaðarmanna, í kjarasamningi SA og bakaraveinafélags Íslands, kjarasamningi SA og Félags matreiðslumanna og kjarasamningi SA og Félags framleiðslumanna.

Stefndi telur ljóst af framangreindu að kaup og kjör stefnanda miðist við að stefnandi hafi gert námssamning við stefnda sem nemi í snyrtifræði svo og að hún hafi ekki lokið sveinsprófi í snyrtifræði. Stefnandi hafi því verið snyrtifræðinemi og notið sama veikindaréttar og aðrir iðnnemar. Hvort sem miðað sé við kjarasamning SA við félag hársnyrtisveina eða við aðra iðnnemasamninga hafi veikindaréttur stefnanda verið einn mánuður. Stefnandi hafi verið búin að fullnýta þennan veikindarétt sinn í janúar 2008, þegar hún hafi látið af störfum, og eigi hún því ekki kröfu á stefnda um greiðslu veikindalauna fyrir þann tíma sem hún var í offitumeðferðinni á Reykjalundi.

Stefndi telur að þótt fallist hafi verið á þá ósk stefnanda að fá að greiða félagsgjald til VR rúnum mánuði áður en hún lét af störfum geti það eitt og sér ekki talist jafngilda því að aðilar hafi samið um að kjarasamningur VR skapi grunn að kaupum og kjörum stefnanda, enda sé um allt önnur kjör að ræða í kjarasamningi SA og VR en í öllum kjarasamningum iðngreina. Stefndi hafi enga ástæðu haft til að auka þannig réttindi stefnanda umfram aðra snyrtifræðinema á stofunni. Starfsmaður geti ekki einhliða ákveðið að velja sér stéttarfélag eftir því hvaða stéttarfélag er með hagstæðustu kjarasamningana og þar með valið einhliða hvaða kjör gilda um starf sitt.

Vinnuveitandi eigi ekki og megi ekki hlutast til um hvort og í hvaða stéttarfélag starfsmaður vill vera, sbr. 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 þar sem segi að atvinnurekendum sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna og afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum, sbr. einnig 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Það sé því ávallt einhliða ákvörðun starfsmanns að ganga í stéttarfélag. Hins vegar geti ósk starfsmanns um að ganga í stéttarfélag eða skipta um stéttarfélag ekki einhliða breytt þeim kaupum og kjörum sem hann njóti samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings síns. Með því að ganga í VR hafi stefnandi því ekki getað einhliða aukið við þann veikindarétt sem hún hafi áður haft samkvæmt ráðningarsamningi sínum og gildi almennt um iðnnema.

Þá telur stefndi að jafnvel þótt talið yrði af einhverjum ástæðum rétt að leggja kjarasamning VR til grundvallar kjörum stefnanda ætti hún þó ekki rétt á tveggja mánaða veikindarétti samkvæmt þeim kjarasamningi. Stefnandi hafi byrjað að greiða félagsgjald til VR í nóvembermánuði 2007 og því ekki greitt félagsgjald til VR í eitt ár þegar hún fór til endurhæfingar, eða áunnið sér réttindi samkvæmt samningi VR með störfum í eitt ár þegar hún hætti störfum. Stefndi telur að ekki sé hægt að telja námstíma hennar samkvæmt iðnnámssamningi til starfa sem leggist við störf hennar eftir að hinum formlega námstíma hafi lokið, en grundvallarmunur sé á ráðningarsamningi og námssamningi að þessu leyti.

Stefndi mótmælir öllum kröfum stefnanda um vexti eða dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Í greinargerð stefnda er skorað á stefnanda að gefa upplýsingar um allar tekjur, dagpeninga og bætur sem stefnandi hafi fengið frá sjúkratryggingum og sjúkrasjóði VR þannig að hægt sé að draga slíkar greiðslu frá hugsanlegri bóttakröfu. Þá var skorað á stefnanda að leggja fram skattframtal vegna tekjuársins 2008. Einnig var skorað á stefnanda að upplýsa hvenær hún lagði fram umsókn um að komast í meðferð á Reykjalundi.

Um lagarök vísar stefndi fyrst og fremst til ákvæða kjarasamninga og meginreglu vinnuréttar um skilgreiningu á óvinnufærni. Þá er vísað til 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Um löggildingu iðngreina er vísað til 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, sbr. reglugerð nr. 940/1999.

Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr.

IV.

Í máli þessu er deilt um veikindarétt stefnanda og hvaða kjarasamningur gildi um réttarsamband aðila.

Fyrir liggja tvö vottorð Ludvigs Árna Guðmundssonar læknis. Í því síðara, dags. 1. febrúar 2008, segir afdráttarlaust að stefnandi hafi verið í endurhæfingarmeðferð á Reykjalundi frá 7. janúar til 7. febrúar vegna sjúkdóms og að vegna endurhæfingarinnar gæti hún ekki stundað vinnu þetta tímabil. Samkvæmt framburði læknisins fyrir dómi var stefnandi með offitu á mjög alvarlegu stigi og meðferðin sem hún gekkst undir nauðsynleg. Þá skýrði læknirinn frá því að stefnandi hefði ekki getað stundað vinnu samhliða meðferðinni. Stefnandi hefur ekki hnekk þessu vottorði og mati læknisins. Stefnda var kunnugt um undirbúning stefnanda fyrir magahjáveituaðgerð og verður stefnandi ekki talin hafa fyrirgert rétti til veikindalauna þó hún hafi ekki tilkynnt strax 7. janúar 2008 að hún yrði fjarverandi næstu vikur.

Málsaðilar gerðu með sér skriflegan samning um starfsnám stefnanda í snyrtifræði. Stefnandi hóf starfsnám sitt í október 2006 og samkvæmt námssamningnum átti starfsnámið að standa yfir í 40 vinnuvikur fyrir utan lögbundin frí. Í námssamningnum segir að um kaup og kjör nemandans fari eftir gildandi kjarasamningum um iðnnema í framangreindri iðngrein.

Lagður hefur verið fram í málinu kjarasamningur snyrtifræðinema, sem gerður var milli Félags Íslenskra snyrtifræðinga og Iðnnemasambands Íslands vegna Félags snyrtifræðinema. Í 12. gr. samningsins segir að hann gildi frá 27. september 1990 og hafi sama gildistíma og uppsagnarákvæði og rammisamningur ASÍ og VSI. Það er meginregla að kjarasamningar haldi gildi sínu í öllum meginatriðum þar til nýr kjarasamningur hefur verið gerður. Verður því að leggja téðan kjarasamning til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Í ákvæði 1.3 í kjarasamningi snyrtifræðinema segir að þegar snyrtifræðinemi hafi lokið starfsþjálfun og bíði þess að þreyta sveinspróf skuli hann fá greidd byrjunarlaun hárgreiðslusveina fram að því að sveinspróf er haldið. Við aðalmeðferð málsins upplýsti fyrirsvarsaður stefnda að sveinspróf í snyrtifræði væru haldin tvisvar á ári, í júní og janúar. Þannig hafi stefnandi fyrst getað tekið sveinspróf í janúar 2008. Stefnandi greindi frá því fyrir dómi að markmið hennar hafi verið að taka sveinsprófið í janúar 2008 en hún hafi svo ákveðið að gera það ekki. Í ljósi þess að fyrir liggur

námssamningur milli aðila verður stefnandi að bera sönnunarbyrðina fyrir því að hún hafi verið almennur starfsmaður frá 1. ágúst 2007 en ekki nemi sem hefði lokið starfsnámi og biði þess að þreyta sveinspróf. Þar sem stefnanda hefur ekki tekist sönnun um að hún hafi verið almennur starfsmaður frá 1. ágúst 2007 verður að hafna því að veikindaréttur hennar fari samkvæmt kjarasamningi VR og SA, enda fer gildissvið kjarasamninga fyrst og fremst eftir þeirri starfsgrein sem samningur tekur til en ekki aðild einstaklings að stéttarfélagi.

Í framangreindum kjarasamningi snyrtifræðinema eru ákvæði um rétt til greiðslu launa í slysatilfellum en ekki er kveðið sérstaklega á um rétt til launagreiðslna í veikindum. Hins vegar segir í samningnum að um öll þau ákvæði sem ekki sé kveðið á um í samningnum vísist til samninga ASÍ og VSÍ um iðnnemakjör og taki samningurinn breytingum í samræmi við samninga ASÍ og VSÍ um iðnnemakjör hverju sinni. Í þeim samningi eru ákvæði um mánaðarlaun iðnnema, launabætur og orlofs- og desemberuppbót. Þá segir að önnur starfskjör skuli vera samkvæmt samningum viðkomandi starfsgreina. Þar sem reglur um veikindarétt koma ekki fram í framangreindum samningum þykir rétt að fallast á með stefnda að miða beri veikindarétt stefnanda við samning milli SA og Félags hársnyrtisveina, enda er eins og áður segir höfð hliðsjón af kjörum þeirra í kjarasamningi snyrtifræðinema. Þannig er veikindaréttur stefnanda einn mánuður þar til tveggja ára starfstíma er náð. Stefnandi var búinn að nýta sér 24 virka daga og ber því að sýkna stefnda af kröfum hennar.

Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þykir rétt að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Snyrtistofan B ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Sandra Baldvinsdóttir